



Varðandi: Styrkir til greiðslu fasteignaskatts v/aðila með starfsemi í menningar-, íþróttá-, æskulýðs-, tómstunda- eða mannúðarmálum.

Málsnúmer: 1809164

Dagsetning: 2. október 2018

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita styrk í samræmi við reglur Akraneskaupstaðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 til eftirtalda félaga:

- Akur frímúrarastúka samtals kr. 738.764
- Oddfellow samtals kr. 599.578
- Skátafélag Akraness samtals kr. 337.002
- Rauði Krossinn samtals kr. 153.527
- Hestamannafélagið Dreyri samtals kr. 265.230

Heildarfjárhæðinni, samtals kr. 2.094.101 verður ráðstafað af liðnum 20830-5946, önnur framlög en þau félög sem eiga rétt á úthlutun fá styrk sem nemur 78% af fasteignaskatti C.

GREINARGERÐ:

Í byrjun september var opnað fyrir umsóknir til styrkja á fasteignaskatti aðila með starfsemi á sviði menningar-, íþróttá-, æskulýðs-, tómstunda- eða mannúðamála og eru rekin í almannabágu eða æskulýðs. Umsóknarfrestur var til og með 30. september sl. Alls bárust 5 umsóknir. Til þess að fá úthlutað styrk þarf aðili að uppfylla skilyrði a.-f. liðar 2. gr. reglna Akraneskaupstaðar sem og 3. gr. Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að 78% af fasteignaskatti C. Fasteignaskattur A og lóðaleiga er óskert.


Þau félög sem eiga rétt á úthlutun

Akur frímúrarastúka, Oddfellow, Skátafélag Akraness, Rauði Krossinn og Hestamannafélagið Dreyri uppfylla öll skilyrði sem reglurnar kveða á um. Þau eru fasteignaeigendur á Akranesi,



reka starfsemi sína í húsnæðinu, eru öll á sviði menningar, íþróttar, æskulýðs- og tólmundastarfsemi og mannúðarstarfa og hafa það að meginstefnu að starfsemin sé unnin í sjálfbærni. Félögin njóta ekki rekstrarstyrkja frá Akraneskaupstað eða ígildi þeirra og ná tekjur af húsnæði ekki upp fyrir gjöld húsnæðis.

Með vísan til framanritaðs gerir sviðsstjóri ofangreinda tillögu.



Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs